

**Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

Aðalfundardagur: 15. mars 2018

Fundarstaður: Kringlan 5, 103 Reykjavík

Dagskrárliður	Tillaga lögð fram af	Með	Hjáseta	Móti	Athugasemd
1 Staðfesting ársreiknings	Stjórn	✓			
2 Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar	Stjórn	✓			
3 Tillaga um starfskjarastefnu	Stjórn	✓			
4 Tillaga um lækkun hlutafjár og breyting á samþykktum	Stjórn	✓			
5 Tillögur um breytingar á samþykktum	Stjórn	✓			
6 Kosning stjórnar	Stjórn				Sjálfkjörið
7 Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags	Stjórn	✓			
8 Ákvörðun um þóknun stjórnar	Stjórn	✓			
9 Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum	Stjórn	✓			
10 Ályktunartillaga um tilnefningarnefnd	Gildi	✓			

Sjóva-Almennar tryggingar hf.  
Kringlunni 5,  
Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2018

**Tillaga til ályktunar á aðalfundi Sjóva-Almennra trygginga hf., dags. 15. mars 2018.**

Gildi-lífeyrissjóður telur að það geti verið góður kostur að kanna þann möguleika að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins. Verði ákveðið að taka upp tilnefningarnefnd telur Gildi rétt að hluthafar taki endanlega afstöðu til fyrirkomulags og útfærslu tilnefningarnefndar og kjósi með beinni kosningu fulltrúa í nefndina. Gildi-lífeyrissjóður leggur því eftirfarandi til:

„Aðalfundur Sjóva-Almennra trygginga hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Verði tillaga þessi samþykkt væri stjórn félagsins unnt að boða til hluthafafundar síðar á þessu ári þar sem gert væri ráð fyrir því að hluthafafundur taki afstöðu til þess á grundvelli nánar útfærðrar tillögu hvort taka skuli upp tilnefningarnefnd hjá félaginu. Yrði slík tillaga samþykkt væri æskilegt að tilurð og vinna tilnefningarnefndar myndi nýtast hluthöfum við stjórnarkjör á aðalfundi félagsins á árinu 2019.

Virðingarfyllst,  
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri